

Hæstiréttur

06 201

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---------------------------------------|----------|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

Hæstiréttur

kt. 650169-4419

Lindargötu 2, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hæstiréttur er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um dómstóla. Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og í honum eiga sæti sjö dómarar sem forseti Íslands skipar ótímbundið samkvæmt tillögu ráðherra.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 2 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 234,3 milljónir og afkoma kr. -13,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 9,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 30,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hæstaréttar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hæstaréttar fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Benedikt Bogason,
forseti Hæstaréttar

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|--|------|---------------------|--------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 232.000.000 | 242.500.000 |
| Vörusala | | 30.000 | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 2.301.247 | 2.089.645 |
| Tekjur samtals | | 234.331.247 | 244.589.645 |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 3 | 105.504.420 | 99.280.168 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4 | 140.314.389 | 131.766.714 |
| Afskriftir | 5 | 2.301.247 | 2.089.645 |
| Gjöld samtals | | 248.120.056 | 233.136.527 |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (3.882) | (1.822) |
| | | (3.882) | (1.822) |
| Afkoma ársins | | (13.792.691) | 11.451.296 |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| | Skýr | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|-------------------|-------------------|------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 4.778.195 | 5.744.797 | |
| Farartæki og vélar | 22.351 | 32.204 | |
| Aðrar eignir | 0 | 1.046 | |
| Fastafjármunir samtals | 4.800.546 | 5.778.047 | |
| Veltufjármunir | | | |
| Tengdir aðilar | 7 | 24.506.204 | 33.949.188 |
| Handbært fé | | 656.780 | 596.288 |
| Veltufjármunir samtals | 25.162.984 | 34.545.476 | |
| Eignir samtals | 29.963.530 | 40.323.523 | |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | 8 | | |
| Hrein eign | | 9.180.843 | 24.724.830 |
| Eigið fé samtals | 9.180.843 | 24.724.830 | |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 7 | 768.452 | 179.314 |
| Viðskiptaskuldir | | 4.579.643 | 2.226.009 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 9 | 5.149.354 | 8.906.885 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 10 | 10.285.238 | 4.286.485 |
| Skuldir samtals | 20.782.687 | 15.598.693 | |
| Eigið fé og skuldir samtals | 29.963.530 | 40.323.523 | |
| Aðrar upplýsingar | 11 | | |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstremisfirlit ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|---|--------------|--------------|--------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | (13.792.691) | 11.451.296 | |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárdreymi: | | | |
| Afskriftir | 5 | 2.301.247 | 2.089.645 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (2.301.247) | (2.089.645) |
| | | (13.792.691) | 11.451.296 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | 0 | 13.231.200 | |
| Tengdir aðilar | 15.257.080 | (28.221.127) | |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (1.403.897) | 2.628.049 |
| | | 13.853.183 | (12.361.878) |
| | | 60.492 | (910.582) |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 6 | (1.323.746) | (651.815) |
| | | (1.323.746) | (651.815) |
| Fjármögnumarhreyfingar | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 1.323.746 | 651.815 |
| | | 1.323.746 | 651.815 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 60.492 | (910.582) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 596.288 | 1.506.870 |
| | | 656.780 | 596.288 |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákváðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veitrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákváðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|------------------------------|---------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar | 10 ár |
| Aðrar eignir | 10 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppségjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

| | 2021 | 2020 | | |
|--|---------------------|---------------------|----------------------|---------------------|
| 2 Tekjufærsla fjárveitinga | | | | |
| Fjárveiting ársins | 232.000.000 | 242.500.000 | | |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 2.301.247 | 2.089.645 | | |
| | <u>234.301.247</u> | <u>244.589.645</u> | | |
| Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok: | | | | |
| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
| Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 237.500.000 | 0 | 0 | 237.500.000 |
| Fjáruauklög | (6.500.000) | 0 | 0 | (6.500.000) |
| Millifært úr varasjóð | <u>1.000.000</u> | <u>0</u> | <u>0</u> | <u>1.000.000</u> |
| Fjárveiting til tekna | 232.000.000 | 0 | 0 | 232.000.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum .. | (245.792.691) | 0 | 0 | (245.792.691) |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | (13.792.691) | 0 | 0 | (13.792.691) |
| | 2021 | 2020 | | |
| 3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | | | | |
| Laun | 88.562.483 | 78.066.603 | | |
| Orlof, breyting | (3.865.217) | 2.874.910 | | |
| Launatengd gjöld | 19.711.078 | 17.573.095 | | |
| Starfsmannakostnaður | <u>1.096.076</u> | <u>765.560</u> | | |
| | <u>105.504.420</u> | <u>99.280.168</u> | | |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 7,2 | 6,9 | | |
| 4 Annar rekstrarkostnaður | | | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 2.416.309 | 3.431.981 | | |
| Ýmis tæki og áhöld | 2.058.324 | 90.397 | | |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 1.754 | 9.480 | | |
| Orkugjafar | 2.975.758 | 2.866.474 | | |
| Matvæli | 2.003.590 | 820.442 | | |
| Almennar rekstrarvörur | <u>1.066.633</u> | <u>213.821</u> | | |
| Vörugaup, almenn | 10.522.368 | 7.432.595 | | |
| Kennslu- og föndurvörur | 15.000 | 0 | | |
| Ýmsar sérgreindar vörur | <u>4.036</u> | <u>1.271</u> | | |
| Vörugaup, sérgreind | 19.036 | 1.271 | | |
| Fundir, námskeið, risna | 201.392 | 4.551.686 | | |
| Ferðir, uppihald | 559.418 | 440.734 | | |
| Akstur | 571.926 | 442.906 | | |
| Sérfræðiþjónusta | 24.634.744 | 22.814.224 | | |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 25.847 | 39.034 | | |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 1.002.254 | 855.317 | | |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | <u>674.899</u> | <u>1.443.028</u> | | |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 27.670.480 | 30.586.929 | | |
| Afnotagjöld | 9.960.709 | 6.478.460 | | |
| Leigugjöld | 79.415.232 | 76.679.994 | | |
| Verkkaup | 12.283.764 | 10.372.245 | | |
| Kostnaðarhlutdeild | <u>442.800</u> | <u>215.220</u> | | |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 102.102.505 | 93.745.919 | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | <u>140.314.389</u> | <u>131.766.714</u> | | |

Skýringar

| | 2021 | 2020 |
|---------------------------------|------------------|------------------|
| 5 Afskriftir | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 2.290.348 | 2.060.768 |
| Farartæki og vélar | 9.853 | 9.853 |
| Aðrar eignir | 1.046 | 11.679 |
| Sölutap og úreltar eignir | 0 | 7.345 |
| | 2.301.247 | 2.089.645 |

31.12.2021 31.12.2020

6 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | | |
|------------------------------|------------------|------------------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 4.778.195 | 5.744.797 |
| Farartæki og vélar | 22.351 | 32.204 |
| Aðrar eignir | 0 | 1.046 |
| | 4.800.546 | 5.778.047 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Aðrar eignir | Samtals |
|-----------------------------|-----------------------------------|-------------------------------|---------------------|------------------|
| Staða 01.01.2021 | 12.800.385 | 98.542 | 144.038 | 13.042.965 |
| Viðbætur á árinu | <u>1.323.746</u> | <u>0</u> | <u>0</u> | <u>1.323.746</u> |
| | 14.124.131 | 98.542 | 144.038 | 14.366.711 |
| Afskriftir 01.01.2021 | 7.055.588 | 66.338 | 142.992 | 7.264.918 |
| Afskrift ársins | <u>2.290.348</u> | <u>9.853</u> | <u>1.046</u> | <u>2.301.247</u> |
| | 9.345.936 | 76.191 | 144.038 | 9.566.165 |
| Staða 31.12.2021 | 4.778.195 | 22.351 | 0 | 4.800.546 |

7 Tengdir aðilar

31.12.2021 31.12.2020

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

| | | |
|---|-------------------|-------------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 24.506.204 | 33.949.188 |
| | 24.506.204 | 33.949.188 |

Skuldir við tengda aðila:

| | | |
|---|----------------|----------------|
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 768.452 | 179.314 |
| | 768.452 | 179.314 |

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjáreikningum;

Hrein eign

| | | |
|--|------------------|-------------------|
| Jöfnuður 1.1. | 24.724.830 | 23.985.652 |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | (1.751.296) | (10.712.118) |
| Afkoma ársins | (13.792.691) | 11.451.296 |
| Jöfnuður 31.12. | 9.180.843 | 24.724.830 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Ýmsar skammtímaskuldir

| | | |
|---------------------------|-----------|-----------|
| Ógreitt orlof | 5.041.668 | 8.906.885 |
| Önnur ógreidd gjöld | 107.686 | 0 |
| | 5.149.354 | 8.906.885 |

10 Frestun tekjfærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2021 31.12.2020

| | | |
|---|------------|-------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 4.800.546 | 5.778.047 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .. | 5.484.692 | (1.491.562) |
| | 10.285.238 | 4.286.485 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga- fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|--|---|------------------------------|--------------------------------|
| Staða 01.01.2021 | 5.778.047 | (1.491.562) | 4.286.485 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 8.300.000 | 8.300.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 1.323.746 | (1.323.746) | 0 |
| Tekjfærsla frestaðra tekna | (2.301.247) | 0 | (2.301.247) |
| | 4.800.546 | 5.484.692 | 10.285.238 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 1,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, rekstrar- og þjónustusamninga og einnig aðra samninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 83,2 milljónum, vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 6,9 milljónum og vegna annara samninga 11,8 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjalffærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.